



862. fundur stjórnar GSÍ, 19. maí 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Bergsteinn Hjörleifsson, Gylfi Kristinsson, Gunnar Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir, Theódór Kristjánsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Rósa Jónsdóttir og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð frá 17. mars s.l. og hún samþykkt og undirrituð.

2. Stefnumótun GSÍ

Lögð fram samantekt verkefnahóps um umhverfismál og sjálfbærni. Í samantektinni var gerð grein fyrir þeim verkefnum sem lokið hefur verið á liðnum misserum og lagðar fram tillögur að næstu verkefnum. Þar má nefna að lagt er til að áframhald verði á þýðingu á bæklingum frá STERF, komið verði á umhverfisverðlaunum í samstarfi við SÍGÍ og skoðað verði hvort hægt sé að afla styrktaraðila að GEO vottun minni klúbbanna. Þá er lagt til að gefinn verði út leiðarvísir fyrir golfklúbba þar sem teknir eru saman helstu kostnaðarliðir við vottun GEO.

Þá var lögð fram samantekt verkefnahóps um mikilvægi þess að fjölga börnum og unglíngum sem þátttakendum í golfíþróttinni og að golfíþróttin verði aðgengileg og ákjósanlegur kostur fyrir alla fjölskylduna. Í drögum er lagt til að teknir verði upp gullteigar, fremstu teigar á sem flestum völlum og gefið út vallarmat fyrir þá teiga. Jafnframt verði kynnt að hámarksforgjöf í kerfinu geti verið 54 eða það sem kallað hefur verið klúbbforgjöf á Norðurlöndunum. Þá er lagt til að efla mótahald fyrir 12 ára og yngri kylfinga og klúbbarnir hvattir til að huga betur að þeim aldurflokki.

3. Samráðsfundir með golfklúbbum

Forseti gerði grein fyrir fundi fulltrúa stjórnar GSÍ með fulltrúum úr stjórnnum golfklúbba á Austurlandi. Fundinn sóttu frá GSÍ; Haukur Örn Birgisson forseti, Theódór Kristjánsson stjórnarmaður, Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri, Úlfar Jónsson landsliðsþjálfari og Edwin Rögnvaldsson fulltrúi GSÍ í stjórn STERF. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Golfklúbbs Norðfjarðar á Grænanesvelli, en auk stjórnarmanna þaðan mættu á fundinn fulltrúar frá Golfklúbbi Byggðarholts, Golfklúbbi Seyðisfjarðar, Golfklúbbi Fljótsdalshéraðs og Golfklúbbi Fjarðarbyggðar.

Ágætis umræður voru um með hvaða hætti hægt væri að fjölga kylfingum á svæðinu og jafnframt hvað Golfsambandið gæti gert til að aðstoða klúbbanna við að fjölga félagsmönnum. Klúbbarnir óskuðu eftir að GSÍ sendi golfkennara og afrekskylfinga á landsbyggðina til að kynna íþróttina og eins væri mikilvægt að fá fræðslu- og kynningarefni til dreifingar. Úlfar landsliðsþjálfari kynnti afreksstefnu GSÍ og stefnu í barna- og unglíngastarfi, auk þess sem hann sagði frá starfi GKG á þessu sviði. Edwin kynnti starfsemi STERF og hvatti klúbbanna til að huga að GEO vottun og fór yfir þann feril sem þarf til að golfvöllur fái umhverfisvottun.

|



4. Reglugerðabreytingar

Bergþóra formaður laganevndar gerði grein fyrir tillögum að breytingum á reglugerð um Íslandsmót í holukeppni og reglugerð um stigamót. Fyrst og fremst er um að ræða nánari útfærslu á röðun í riðla í Íslandsmótinu í holukeppninni, en orðalag var frekar óskýrt í reglugerðinni og eins er gerð leiðrétting á reglugerð um stigamót þar sem viðbótarskýring er bætt við 10. gr. til að taka af vafa um stigasöfnun þeirra kyflinga sem ekki komast í gegnum niðurskurð.

Stjórnarmenn samþykkja viðkomandi breytingar sem taka gildi fyrir Íslandsmótið sem fram fer 19.-21. júní n.k. Framkvæmdastjóra var falið að senda nýja reglugerð á klúbbana og birta á golf.is.

5. Útgáfumál

Bergsteinn gerði grein fyrir stöðu mála varðandi útgáfumál og var fyrsta tölublað Golf á Íslandi kynnt á fundinum. Breytingar á útgáfumálunum hafa tekist ágætlega og eru nokkrar áherslubreytingar í efnis- og yfirbragði blaðsins. Það er mat stjórnarmanna að fyrsta tölublað hafi tekist vel. Sala auglýsinga í blaðið hefur jafnframt gengið ágætlega og skýrir það stærð blaðsins. Unnið hefur verið að breytingum á fréttahluta golf.is og bindur útgáfunevndin vonir við að nýtt útlit á fréttahluta kerfisins náist í loftið í byrjun júní.

6. Afreksmál

Farið var yfir helstu verkefni á afrekssviði. Næsta verkefni er þátttaka á Smáþjóðaleikum og hefur landsliðþjálfari valið þá kyflinga sem skipa liðin. Þá hafa átta kyflingar skráð sig til leiks á Breska áhugamannamótinu sem fram fer í júní og næsta verkefni þar í kjölfarið er þátttaka karla-, kvenna- og piltaliðanna í Evrópukeppnum.

Laugardaginn 27. júní verður KPMG Bikarinn og er ætlunin að lið skipað þeim kyflingum sem taka þátt í Evrópumótum keppni við lið Pressunnar sem skipað verður bæði atvinnumönnum og áhugakylfingum, sem ekki eru í landsliðum. Ætlunin er að nýta jafnframt tækifærið og bjóða almenningi í heimsókn í Grafarholtið og fylgjast með kyflingunum og fá að prófa sig áfram í íþróttinni með því að slá í Básun.

7. Golf.is

Miklar breytingar hafa verið gerðar á tölvukerfinu golf.is og félagahluti kerfisins verið færður frá Felix.is, undir golf.is. Þá var í vor tekið í notkun eftirlitskerfi á golf.is, þar sem fylgst er með skráningum og mætingu í rástíma hjá klúbbunum. Í framhaldi af þessari þróun hafa aðilar óskað eftir aðgangi að golf.is, til að bjóða frekari þjónustu fyrir kyflinga s.s. með rástímavöktun og fleiri þáttum og tengja smáforrit við golf.is sem bjóða upp á að nýta síma og spjaldtölvur í ýmsa vinnslu. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og forseta að skoða málið frekar og óska eftir fundi með þeim aðilum sem vilja tengjast kerfinu.

8. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2015

Lagt fram sjö mánaða uppgjör og endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015. Afkoma tímabilsins er í samræmi við áætlanir. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að kostnaður við mótasvið hefði hækkað lítilla miðað við fjárhagsáætlun en jafnframt væri útlit fyrir hærri tekjum af auglýsingum en áætlað hefði verið. Því er gert ráð fyrir óbreyttri niðurstöðu rekstrar.



9. Önnur mál

- Mótaskrá 2015. Óskað var eftir að stjórnarmenn færu yfir GSÍ mót sumarsins og staðfest hvaða mót þeir gætu mætt á til að veita verðlaun.
- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að blaðamannafundur, til að kynna mótariðina, yrði haldinn miðvikudaginn 20. maí n.k. í E-sal íþróttamiðstöðvarinnar og hvatti stjórnarmenn til að mæta ef þeir hefðu tök á.
- Lagt fram erindi frá Golfklúbbum Oddi þar sem þeir óska eftir að á síðasta mótinu á Eimskipsmótaröðinni, sem fram fer á Urriðavelli, verði þátttökuréttur í mótið takmarkaður við 36 efstu kylfingana í karlaflokki og 18 í kvennaflokki. Samþykkt að vísa erindinu til mótanefndar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:15.